

Fjallabyggð  
Gránugötu 24  
580 Siglufirði

Akureyri, 13. janúar 2017  
2016120012 01-710

**Efni: Samstarf sveitarfélaga**

Á fundi bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar þann 6. desember sl. var samþykkt eftirfarandi bókun:

*Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkir að óska eftir samstarfi við önnur sveitarfélög í Eyjafirði um að gera fýsileikakönnun á sameiningu sveitarfélaganna í eitt sveitarfélag. Þá verði jafnframt skoðað hvort aðrar sameiningar þyki fýsilegri í ljósi aðstæðna. Lögð er áhersla á að öll sveitarfélögin gangi óbundin til þessarar könnunar, en bæjarstjórn telur mikilvægt að taka umræðuna og skoða kosti og galla og standa að málefnalegri umræðu meðal íbúa á svæðinu.*

Með bréfi þessu vill undirritaður kanna hug bæjarstjórnar Fjallabyggðar til samstarfs um gerð slíkrar könnunar. Í framhaldinu yrði síðan boðað til sameiginlegs fundar sveitarfélaga við Eyjafjörð þar sem framkvæmd slíkar könnunar yrði kynnt og rædd. Óskað er eftir að svari við bréfi þessu fyrir 3. febrúar nk.

Virðingarfyllt,

f.h. Akureyrarbæjar



Matthías Rögnvaldsson  
Forseti bæjarstjórnar